

Colas Ísland hf.  
Gullhelli 1  
221 Hafnarfjörður

12. desember 2025  
UOS2501709/K.K.

## Efni: Reglubundið eftirlit þann 1. desember 2025 – ID 470

Þann 1. Desember 2025 fór fram reglubundið eftirlit í Colas Ísland hf. Amman 2. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Eitt eldra frávik varðandi það að magn kolmónoxíðs í útblæstri var yfir starfsleyfismörkum. Niðurstöður mælinga bárust 9. september 2023 og voru mælingar yfir mörkum. Sérfræðingur að utan stillti brennarann vorið 2025 en til að halda styrk kolmónoxíðs innan marka starfsleyfis var stöðin keyrð á minni afköstum. Vorið 2026 er gert ráð fyrir að skipta um brennara, rafkerfi og stýribúnað í stöðinni. Fráviki ekki lokað.

### Tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.2 í starfsleyfi. skila skal niðurstöðum mælinga til eftirlitsaðila innan mánaðar frá mælingum. Niðurstöðum fyrir mælingar 2023 var ekki skilað fyrr en í ársskýrslu sem er frávik frá kröfum í starfsleyfi. Fráviki lokað.
1. Gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Rekstraraðilar sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2024 barst ekki fyrir 1. maí 2025. Fráviki lokað.

Virðingarfyllst,

*Kristín Kröyer*

Sérfræðingur

*Stella Hrönn Jóhannsdóttir*

Sérfræðingur